



Alþingi ^{06.12.93.}

Erindi nr. **D117 1343**

komudagur **11 / 12 1993**

Stjórn Almenningsvagna bs. samþykkir að beina þeirri áskorun til þingmanna að koma í veg fyrir að 14% virðisaukaskattur verði lagður á rekstur strætisvagna um næstkomandi áramót.

Í 3. gr. gildandi laga um virðisaukaskatt er meðal annars kveðið á um skattskyldu opinberra aðila, en þar segir, að skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvíli á ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti, sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Í þessu samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að strætisvagnar eru ekki reknir í samkeppni við atvinnufyrirtæki, enda ljóst að sú starfsemi er rekin með verulegum rekstrarhalla. Því þykja ekki lagaskilyrði til þess að leggja virðisaukaskatt á þjónustu strætisvagna með skírskotun til samkeppnisaðstæðna.

Verði virðisaukaskattur hins vegar lagður á rekstur strætisvagna í þeim tilgangi að auka skatttekjur ríkissjóðs, er rétt að vekja athygli alþingismanna á niðurstöðum athugana Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagkvæmni almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. í september 1992, en þar var árlegur ábati þjódarbúsins af rekstri strætisvagna metinn á um 400-500 milljónir króna. Komi til slíkrar skattlagningar, bendir allt til þess, að fargjöld í vögnum Almenningsvagna bs. muni hækka um 12-16%. Slík hækkun mun leiða til fækkunar farþega með strætisvögnum, draga verulega úr ábata þjódarbúsins af rekstri strætisvagna og hafa gagnstæð áhrif á afkomu ríkissjóðs miðað við það, sem álagningu skattsins er ætlað að hafa.

Á undanförunum misserum hefur farþegum með strætisvögnum fjölgað verulega á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög á svæðinu hafa aukið mjög framlög til rekstrar strætisvagna síðastliðin tvö ár í því skyni að bæta almenningsgangur á höfuðborgarsvæðinu og stuðla að aukinni notkun strætisvagna út frá almennum og augljósum hagkvæmnissjónarmiðum. Hækkun virðisaukaskatts á rekstur strætisvagna og hækkun fargjalda af þeim sökum mun vinna gegn þessum markmiðum. Farþegum mun fækka, og hugsanlega kann til þess að koma, að aðildarsveitarfélög Almenningsvagna bs., sem við stofnun félagsins höfðu fyrirheit frá stjórnvöldum um stuðning ríkisvaldsins við rekstur þess, muni draga sig út úr rekstri strætisvagna, enda er slíkur rekstur ekki skylduverkefni sveitarfélaga lögum samkvæmt.